

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis og frístundabyggðar í landi Voga 1 í Mývatnssveit.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 9. nóvember sl. tillögu að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis og frístundabyggðar í landi Voga 1 í Mývatnssveit í Skútustaðahreppi.

Markmið skipulagsins er m.a. að koma nýjum gistihúsum haganlega fyrir í tengslum við núverandi gistihús og skilgreina nýjar lóðir fyrir frístundahús, sem falla skulu vel að landi og umhverfi. Einnig er áformað að gera breytingar og viðbætur á eldri húsum á viðeigandi hátt.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Mývatnssveit, 12. janúar 2017.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. janúar 2017